

Skólamenningarfundir yngsta stig

Nemendur á yngsta stigi eru ánægðir með frjálsa tímann og að fá leika og skapa. Þeir eru ánægðir með flestar kennslustundir og bekkjarfundi. Einnig er mikil ánægja með alla "öðruvísi" daga, t.d. Öskudag. Nemendum finnst kennararnir í skólanum góðir og tala um að krakkarnir í skólanum séu flestir skemmtilegir. Þeim finnst gaman að læra eitthvað nýtt. Ánægja með styttri dag á föstudögum.

Þeir myndu vilja enn fleiri og fjölbreyttari leiktæki og handboltavöll skólalóðina. Einhverjir vilja hollari góðan mat. Einhverjir vilja læra meira um tækni og hönnun. Þeir myndu vilja skemmtilegri afþreyingu í frístund, alltaf verið að gera það sama og fleiri bekkjarkvöld. Þá vilja nemendur að fótboltavellinum sé ekki endilega skipt á milli stofa, vilja geta spilað saman þvert á bekki.

Skólareglur, athugasemdir frá nemendu:

- Kennarinn eigi alltaf að vera í stofunni.
- Vilja mega hringja úr eigin síma ef veikindi
- Bæta við reglum um ofbeldi.
- Hafa oftari sparinesti
- Hafa reglur um umgengni á göngum og í lyftum.
- Skýrari viðurlög við brotum á reglum

Skólamenningarfundir miðstigs

Nemendur á miðstigi eru ánægðir með vináttuna innan skólans, góða kennara, hjálpsamt starfsfólk, list/verk, íþróttir, valtima og bókasafnið.

Nemendur á miðstigi eru ánægðir með að skólinn sé styttri á miðvikudögum. Þeir eru jafnframt ánægðir með einhverfudeildirnar og vilja sjá slíkar deildir í fleiri skólum.

Nemendur í 6.bekk eru mjög ánægðir með aðgang að fidget dóti, skemmtilegt útisvæði og pegasus.

Nemendum á miðstigi finnst að maturinn mætti vera betri.

Þeim finnst kominn tími á að uppfæra húsgögnin í skólastofunum og laga klósettin. Nemendur á miðstigi vilja einnig fá oftari tækifæri til að nýta sér Pegasus. Nemendum í 5.bekk finnst vanta fleiri karlkennara.

Sumum nemendum í 7.bekk finnst að það eigi ekki að vera skólasund eftir 5.bekk. Einnig eru sumir á því máli að það þurfi að skikka nemendur á mið- og unglingastigi í sturtu eftir íþróttir.

Einhverjir nemendur leggja til að það séu lengri og/eða fleiri frímínútur á vorin og haustin. Nemendur í 6.bekk leggja til að þeir fái val um að vera inni þegar veður er vont og kalt úti. Sumum nemendum í 5.bekk finnst unglingarnir í frímínútnagæslu ekki vera standa sig og eru jafnvel hræddir við þá. Nemendur í 5.bekk leggja til að það sé sýnileg stór vallartafla á

göngunum á miðryminu og helst úti líka. Þeir ræða líka að það væri gott að hafa stórt skóladagatal sýnilegt á miðryminu.

Nemendur í 5.bekk myndu vilja skýra fótboltavellina með skýrari heitum, ekki a-b-c, bara gras, malar og malbik. Þeir myndu líka vilja fleiri grasvelli í stað malarvalla. Nemendum í 6.bekk finnst vanta fleira starfsfólk á útivaktir í frímínútum og að einhver fullorðinn taki að sér dómgæslu á fótboltavellinum. Þeir vilja setja sérstakar reglur um fótboltavöllinn og leggja til að fótboltavellinum sé ekki alltaf skipt á milli bekkja, stundum ólíkra hópa, t.d. stelpu og strákadaga.

Nemendur á miðstigi vilja fjölbreyttari leiktæki á skólalóðina, t.d. rennibraut og rólu fyrir fólk í hjólastól.

Margir á miðstigi vilja stytta skóladaginn, t.d. með því að mæta seinna á morgnanna. Sumir nemendur vilja fleiri kósýdaga og oftar sparinesti. Nokkrir í 6.bekk leggja til að nemendur fái að fara í slökun á dýnu með teppi eftir hádegi.

Að mati nemenda þarf að laga girðinguna hjá grasvellingnum og fylla oftar á sápur og handþurrkur á klósettinu. Þá finnst nemendum að þeir ættu að fá að vera með tyggjó á miðstigi.

Einhverjir benda á að það þurfi að efla bókakostinn á bókasafninu, á íslensku og öðrum tungumálum. Nemendur á miðstigi vilja fá fjölbreyttara námsefni og verkefni. Nemendur í 5.bekk myndu vilja fjölbreyttari kennsluaðferðir.

Nokkrir nemendur í 6.bekk leggja til að bekkurinn sé með hugmyndakassa um verkefni/viðfangsefni og að einu sinni í mánuði dragi kennari hugmynd úr kassanum.

Nemendur í 5.bekk myndu vilja að það væri sundlaug í íþróttahúsinu, það væri kostur ef sund og íþróttir væru á sama stað. Þeir vilja að nemendur gangi almennt betur um og hætti að eyðileggja eigur annarra og eigur skólans.

Einhverjir nemendur á miðstigi myndu vilja hlaupa á göngum, sérstaklega þegar þeir eru seinir, og þá hafa hægri og vinstri umferð á göngunum.

Almenn ánægja með skólareglurnar.

Einhverjum nemendum í 7.bekk finnst þörf á skýrari reglum varðandi ofbeldi og hótanir. Þó nokkrir í 7.bekk myndu vilja að þeir fengu leyfi til að fara út af skólalóðinni í frímínútum. Einhverjum finnst að skólinn ætti að taka ábyrgð á verðmætum.

Nemendur í 5.bekk benda á að það vanti einhverjar skólareglu um umhverfisvernd. Sumum nemendum finnst að þeir ættu að mega hafa síma í skólanum.

Skólamenningarfundir unglíngastígs

Nemendur eru margir ánægðir með einhverfudeildirnar og finnst að það mættu vera einhverfudeildir í fleiri skólum í Kópavogi. Þeir eru ánægðir með að vera Unicef skóli og finnst að allir skólar ættu að vera Unicef skólar. Í Álfhólsskóla er mikil ánægja með fjölbreytt val, skemmtilegum félagsskapur, góðan stuðning fyrir nemendur og framúrskarandi kennara.

Nemendur eru ánægðir með fjölmeninguna í skólanum og myndu vilja sjá meiri fjölmeningu í fleiri skólum í Kópavogi.

Nemendur ræða margir að aðstaðan í íþróttahúsinu sé mjög góð og það mætti bæta hana í öðrum skólum.

Mjög mörgum nemendum finnst gott að vera í tveimur húsum, sér aðstaða fyrir eldri og yngri nemendur.

Nemendur eru ánægðir með að nemendaráð skólans er virkt í skólastarfinu og fundar vikulega og mjög margir ánægðir með að vera komnir með sjoppu í frímínútum sem fjáröflun fyrir 10.bekk. Þá er einnig ánægja með sófana og aðstöðuna í unglungaálmunni.

Þeir myndu vilja sjá skólahreystibrautir við fleiri skóla. Ánægja er með hafgragrautinn og uppbot og skapandi verkefni, t.d. vinadag og bíp vikur.

Nemendur eru ánægðir með að vera ekki símalaus skóli og ánægðir með Pegasus.

Unglingarnir eru sáttir með að skólinn byrji alltaf á sama tíma kl. 08:30 og með að fá að vera inni í frímínútum. Margir tala um að frímínúturnar og pásurnar séu góðar.

Nemendum finnst að maturinn mætti vera betri og að það þurfi að bæta hjólastólaaðgengi, t.d. breidd hurðaopa. Eins finnst þeim vanta að haldið sé betur utan um óskilamuni.

Nemendur í 8.bekk ræða þörf á betri námsaðlögun fyrir lesblinda.

Nemendur leggja til að kokkurinn bjóði upp á hugmyndakassa fyrir matseðil skólans.

Einhverjum finnst skóladagurinn of langur, vilja byrja seinna og hætta fyrr á daginn um leið vilja þeir minni heimavinnu og meiri skólavinnu. Einhverjir vilja fá lengra jólafrí og lengri frímínútum.

Einhverjir nemendur sakna þess að vera í 40 mínútna kennslustundum og að geta sett leiki í ípadinn sinn. Sumir vilja að það megi vera í símanum í matsalnum því það sé frítíminn þeirra.

Nemendur myndu vilja fá meiri lífsleikni þar sem það væri útskýrt betur fyrir þeim hvernig lífið virkar og hvað þeir gætu gert í framtíðinni. Eins myndu þeir vilja fá fleiri verkefni þar sem þeir fá að setja bæurnar til hliðar og vinna að skapandi verkefnum. Nemendur í 8.bekk vilja meira val og meiri tíma í list/verk. Nemendur í 9.bekk finnst þeir þurfa að læra meira utan bókar. Þeir vilja jafnframt margir fá meiri fjölbreytileika í námið sitt, fleiri verkleg verkefni, fleiri vettvangsferðir, fá

að nýta fartölvur í stað ípad og fá að hafa meiri áhrif á námið sitt. Einhverjir myndu vilja fara oftar í íþróttir og/eða sund (3 var í viku).

Sumir nemendur vilja meira hópefli, fleiri bekkjarkvöld og hópleiki inni og úti. Nemendur í 9.bekk nefna að það mætti vera meiri samvinna milli bekkja.

Nemendur benda á að margar skólastofur séu of kaldar yfir veturinn og vilja að það sé lagað.

Nemendur í 9.bekk vilja að dönskunám sé minnkað í skólum almennt.

Nemendur vilja fá betri körfuboltavöll á lóðina.

Nemendur yfirfóru skólareglur skólans. Almennt fannst nemendum skólareglurnar mjög góðar en þó nokkrir vildu gjarnan bæta við nokkrum reglum.

Þeim fannst að það mætti breyta reglunum hvað varðar eigur annarra og það þurfi að vera skýrara að það eigi að bera virðingu fyrir eignum annarra. Einhverjum nemendum finnst að skólinn ætti að taka ábyrgð á verðmætum. Eins finnst þeim að það eigi að vera hluti af skólareglum að taka virkan þátt í skólastarfinu.

Margir nemendur benda á að reglan um skólalóðina sé óskýr því að nemendur á unglíngastigi yfirgefa oft skólalóðina í frímínútum eða hádegishléi. Einhverjir vilja leyfa farartæki á lóðinni en aðrir eru mjög ánægðir með að það sé bannað. Þá vilja nemendur að það sé ekki leyft að geyma farartæki inni því þau séu bara fyrir.

Nemendum í 8.bekk finnst að nemendur á miðstigi ættu að fá að vera með tyggjó í skólanum.

Nemendum finnst þörf á að setja skýrari reglur um ofbeldi og veip. Nemendur í 10.bekk vilja að það séu skýrari afleiðingar þegar nemendur brjóta skólareglur.